# Dómar Félagsdóms
# 1976-1983 - Registur

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Félagsdóms. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentaða dómasafni Félagsdóms án endurgjalds. Engin stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

## Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

## Athugasemdir um þessa útgáfu

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) útvegaði þetta prenteintak.
Í útgáfu 1.1 var OCR endurunnið og textinn er beinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# DÓMAR FÉLAGSDÓMS

## REGISTUR

VIII. BINDI
1976—1983

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK — 1987
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN HF.

# DÓMAR FÉLAGSDÓMS

## REGISTUR

VIII. BINDI
1976—1983

ÚTGEFANDI: FÉLAGSDÓMUR
REYKJAVÍK — 1987

FÉLAGSPRENTSMIÐJAN HF.

# Félagsdómur. Dómarar og verksvið.

Í VII. bindi Dóma Félagsdóms er greint frá þeim dómendum, sem skipaðir voru til þriggja ára frá 1. október 1974. Á árinu 1977 var skipað í dóminn til næstu þriggja ára frá 1. október 1977 að telja og voru þá þessir menn skipaðir dómarar, og nefndir til dómsetu:

Skipaðir af Hæstarétti:
Guðmundur Jónsson, borgardómari, forseti dómsins,
Sigurður Líndal, prófessor.
Varamenn:
Halldór Þorbjörnsson, yfirsakadómari,
Þorsteinn Thorarensen, borgarfógeti.
Skipaðir af félagsmálaráðherra:
Bjarni K. Bjarnason, borgardómari.
Varamaður:
Arnljótur Björnsson, prófessor.
Skipaðir af Alþýðusambandi Íslands:
Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður.
Varamaður:
Árni Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður.
Skipaðir af Vinnuveitendasambandi Íslands:
Páll S. Pálsson, hæstaréttarlögmaður.
Varamaður:
Guðmundur Vignir Jósefsson, hæstaréttarlögmaður.
Dómarar skipaðir samkvæmt 26. gr. laga nr. 46/1973:
Af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja:
Örlygur Geirsson, deildarstjóri.
Af hálfu Bandalags háskólamanna:
Tilnefning virðist ekki hafa farið fram fyrir þetta tímabil.
Af fjármálaráðherra:
Guðmundur Vignir Jósefsson, hæstaréttarlögmaður.
Varamaður:
Axel Einarsson, hæstaréttarlögmaður.
Nefndir til dómarakjörs samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 70/1954:
Af Landssambandi iðnaðarmanna:
Björgvin Frederiksen, vélvirkjameistari,
Ólafur Jónsson, málarameistari,

Jón Bergsteinsson, múrarameistari,
Ásgrímur Lúðvíksson, húsgagnabólstrarameistari,
Arnfríður Ísaksdóttir, hárgreiðslumeistari,
Gunnar Björnsson, húsasmíðameistari.

Varamenn:
Eyþór Þórðarson, vélstjóri,
Guðbjörn Guðmundsson, rafverktaki,
Lárus Guðmundsson, bifvélavirkjameistari,
Jónas Valdimarsson, pípulagningameistari,
Þórir H. Óskarsson, ljósmyndari,
Stefán Rafn Þórðarson, húsgagnasmíðameistari.

Af Félagi íslenskra iðnrekenda:
Eggert Hauksson, Plastprent h/f,
Ásgeir Guðmundsson, Á Guðmundsson h/f,
Björn Guðmundsson, Sportver h/f,
Axel Kristjánsson, Rafha h/f,
Víglundur Þorsteinsson, B.M. Vallá h/f,
Kristján Friðriksson, Últíma h/f.

Varamenn:
Ásgeir Einarsson, Sindra-Stál h/f,
Gunnar Björnsson, Sápugerðin Frigg h/f,
Elmar Þ. Jensen, Sjóklæðagerðin h/f,
Jón Kjartansson, Víkingur h/f,
Ragnar Þór Magnús, Málning h/f,
Gunnar Már Hauksson, Max h/f.

Af hálfu Iðnsveinaráðs Íslands:
Bolli Ólafsson,
Ólafur Emilsson,
Óskar Hallgrímsson,
Sturla Sæmundsson,
Guðjón Jónsson,
Magnús Stephensen.

Varamenn:
Guðmundur Bjarnason,
Helgi Arnlaugsson,
Ástvaldur Andrésson,
Guðni Steingrímsson,
Sigurgestur Guðjónsson,
Sverrir Gíslason.

Frá 1. október 1980 voru þessir menn skipaðir í Félagsdóm til þriggja ára:

Skipaðir af Hæstarétti:
Þorsteinn Thorarensen, borgarfógeti, forseti dómsins og
Halldór Þorbjörnsson, yfirsakadómari.

Varamenn:
Ólafur St. Sigurðsson, héraðsdómari og
Auður Þorbergsdóttir, borgardómari.

Skipaðir af félagsmálaráðherra:
Björn Helgason, hæstaréttarritari.
Varmaður:
Bjarni K. Bjarnason, borgardómari.
Skipaðir af Alþýðusambandi Íslands:
Árni Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður.
Varamaður:
Gunnar Eydal, héraðsdómslögmaður.
Skipaðir af Vinnuveitendasambandi Íslands:
Gunnar Guðmundsson, héraðsdómslögmaður.
Varamaður:
Skarphéðinn Þórisson, hæstaréttarlögmaður.
Dómarar skipaðir samkvæmt 26. gr. laga nr. 46/1973 og 35. gr. laga nr. 29/1976:
Af Bandalagi háskólmanna:
Jónatan Þórmundsson, prófessor.
Varamaður:
Friðgeir Björnsson, borgardómari.
Af Bandalagi ríkis og bæja:
Örlygur Geirsson, deildarstjóri.
Af fjármálaráðherra:
Þorsteinn Geirsson, skrifstofustjóri.
Varamaður:
Indriði Þorláksson, deildarstjóri.
Nefndir til dómarakjörs samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 70/1954:
Af Landssambandi iðnaðarmanna:
Gunnar S. Björnsson, húsasmíðameistari,
Sveinn A. Sæmundsson, blikksmíðameistari,
Guðjón Ottósson, rafverktaki,
Ásgrímur P. Lúðvíksson, húsgagnabólstrarameistari,
Arnfríður Ísaksdóttir, hárgreiðslumeistari,
Gissur Símonarson, húsasmíðameistari.
Varamenn:
Ólafur Jónsson, málarameistari,
Markús Sveinsson, framkvæmdastjóri,
Vilberg Sigurjónsson, rafeindavirkjameistari,
Karl Maack, húsgagnasmíðameistari,
Garðar Hinriksson, úrsmíðameistari,
Guðmundur J. Kristjánsson, veggfóðrarameistari.
Af Félagi íslenskra iðnrekenda:
Eggert Hauksson, Plastprent h/f,
Ágeir Guðmundsson, Á. Guðmundsson h/f,
Björn Guðmundsson, Sportver h/f,
Víglundur Þorsteinsson, B.M. Vallá h/f,
Gunnar J. Friðriksson, Ásgarður h/f,
Kristinn Guðjónsson, Stálumbúðir h/f.

Varamenn:

Ásgeir Einarsson, Sindra-Stál h/f,
Gunnar Björnsson, Sápugerðin Frigg,
Elmar Þ. Jensen, Sjóklæðagerðin h/f,
Steinar Berg Björnsson, Pharmaco h/f,
Haukur Björnsson, Karnabær h/f,
Stefán Guðjohnsen, Málning h/f.

Af hálfu Iðnsveinaráð Íslands:

Bolli Ólafsson,
Ólafur Emilsson,
Óskar Hallgrímsson,
Sturla Sæmundsson,
Þórir Daníelsson,
Guðmundur Þ. Jónsson.

Varamenn:

Halldór Björnsson,
Helgi Arnlaugsson,
Ástvaldur Andrésson,
Guðni Steingrímsson,
Bjarni Jakobsson,
Grétar Þorsteinsson.

Frá 1. október 1983 voru þessir menn skipaðir í Félagsdóm til þriggja ára:

Skipaðir af Hæstarétti:

Bjarni K. Bjarnason, borgardómari, forseti dómsins og
Björn Helgason, hæstaréttarritari.

Varamenn:

Ólafur St. Sigurðsson, héraðsdómari og
Auður Þorbergsdóttir, borgardómari.

Skipaðir af félagsmálaráðherra:

Gunnlaugur Briem, yfirsakadómari.

Varamaður:

Jónas Gústavsson, borgarfógeti.

Skipaðir af Alþýðusambandi Íslands:

Árni Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður.

Varamaður:

Gunnar Eydal, héraðsdómslögmaður.

Skipaðir af Vinnuveitendasambandi Íslands:

Gunnar Guðmundsson, héraðsdómslögmaður.

Varamaður:

Hafsteinn Baldvinsson, hæstaréttarlögmaður.

Dómarar skipaðir samkvæmt 26. gr. laga nr. 46/1973:

Af fjármálaráðherra:

Þorsteinn Geirsson, skrifstofustjóri.

Varamaður:

Indriði Þorláksson, deildarstjóri,

Af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja:

Örlygur Geirsson, deildarstjóri.

Varamaður:

Sigfinnur Sigurðsson, fulltrúi.

Af Bandalagi háskólamanna:

Tilnefning virðist ekki hafa farið fram fyrir þetta tímabil.

Nefndir til dómarakjörs samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 70/1954:

Af Landssambandi iðnaðarmanna:

Gunnar S. Björnsson, húsasmíðameistari,
Sveinn A. Sæmundsson, blikksmíðameistari,
Guðjón Ottósson, rafverktaki,
Ásgrímur P. Lúðvíksson, húsgagnabólstrarameistari,
Arnfríður Ísaksdóttir, hárgreiðslumeistari,
Gissur Símonarson, húsasmíðameistari.

Varamenn:

Ólafur Jónsson, málarameistari,
Markús Sveinsson, framkvæmdastjóri,
Vilberg Sigurjónsson, rafeindavirkjameistari,
Karl Maack, húsgagnasmíðameistari,
Garðar Hinriksson, úrsmíðameistari,
Guðmundur J. Kristjánsson, veggfóðrarameistari.

Af Félagi íslenskra iðnrekenda:

Eggert Hauksson, Plastprent h/f,
Ásgeir Guðmundsson, Á. Guðmundsson h/f,
Birgir Bjarnason, Dúkur h/f,
Anton Bjarnason, Glerborg h/f,
Gunnar J. Friðriksson, Ásgarður h/f,
Kristinn Guðjónsson, Stálumbúðir h/f.

Varamenn:

Ásgeir Einarsson, Sindra-Stál h/f,
Gunnar Björnsson, Sápugerðin Frigg,
Elmar Þ. Jensen, Sjóklæðagerðin h/f,
Steinar Berg Björnsson, Lýsi h/f,
Axel Aspelund, Lexa h/f,
Stefán Guðjohnsen, Málning h/f.

Af hálfu Iðnsveinaráðs Íslands:

Bolli Ólafsson,
Magnús E. Sigurðsson,
Óskar Hallgrímsson,
Helgi Arnlaugsson,
Þórir Daníelsson,
Guðmundur Þ. Jónsson.

Varamenn:

Ásmundur Hilmarsson,

Halldór Björnsson,
Ástvaldur Andrésson,
Guðni Steingrímsson,
Bjarni Jakobsson,
Grétar Þorsteinsson.

# Registur.

## I. Nafnaskrá.

Bls.

Agnethe Kristjánsson ........ 296
Aldís Sigurjónsdóttir ........ 230
Alþýðusamband Íslands ... 1, 66, 178, 182, 189, 204, 230, 250, 257, 264, 271, 283
Alþýðusamband Norðurlands ........ 66
Alþýðusamband Vestfjarða ........ 271
Baldur Ólafsson ........ 237
Bandalag háskólamanna ........ 78, 237, 296
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ........ 11, 45, 51, 71, 98, 111, 121, 127
Eimskipafélag Íslands h/f ........ 132, 152, 204, 271
Einar Þórðarson ........ 224
Energoprojekt ........ 1
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands 21, 40, 59, 132, 142, 152, 164, 219, 276
Félag bókagerðarmanna ........ 290
Félag bryta ........ 132, 142, 152, 164
Félag framreiðslumanna ........ 189
Félag íslenska prentiðnaðarins ........ 290
Félag íslenskra atvinnuflugmanna ........ 198, 213
Félag íslenskra loftskeytamanna ........ 132, 142, 152, 164
Félag íslenskra símamanna ........ 11, 71
Félag járniðnaðarmanna ........ 178, 300
Félag Loftleiðaflugmanna ........ 86
Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni ........ 182
Félag vinnuvélaeigenda ........ 283
Fero s.f. ........ 283
Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 1, 45, 51, 71, 78, 98, 111, 121, 127, 204, 237, 296
Flugleiðir h/f ........ 86, 198, 213
Guðmundur Bjarnason ........ 250
Guðný Jónsdóttir ........ 127
Hafskip h/f ........ 132, 152, 204
Hafsteinn Alfreðsson ........ 283
Heimaskagi h/f ........ 230
Herjólfur h/f ........ 59
Hið íslenska kennarafélag ........ 237, 296

Hótel Saga ........ 35, 189
Hraðfrystihúsið h/f ........ 271
Hraðfrystihús Þórðar Júlíussonar ........ 271
Höldur h/f ........ 182
Ingólfur Hansen ........ 300
Íshúsfélag Ísfirðinga ........ 271
Íslenska álfélagið h/f ........ 300
Jöklar h/f ........ 132, 152, 204
Karl Sigurðsson ........ 257
Landhelgisgæsla Íslands ........ 204
Landssamband íslenskra útvegsmanna ........ 21, 40, 219, 276
Landssamband íslenskra verslunarmanna ........ 182
Landssamband vörubifreiðarstjóra ........ 250, 257, 264, 283
Lífeyrissjóður SÍS ........ 66
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra ........ 66
Loftleiðir h/f ........ 86
Loftur Þorsteinsson h/f ........ 78
Málm- og skipasmiðasamband Íslands ........ 178, 300
Nesskip h/f ........ 132, 152, 204
Niðursuðuverksmiðjan h/f ........ 271
Norðurtangi h/f ........ 271
O.N. Olsen h/f ........ 271
Rækjustöðin h/f ........ 271
Rækjuverksmiðjan h/f ........ 271
Samband málm- og skipasmiðja ........ 178, 224
Samband veitinga- og gistihúsaeigenda ........ 35, 189
Sigurður Guðni Sigurðsson ........ 237
Sjómannafélag Reykjavíkur ........ 204
Sjómannasamband Íslands ........ 204
Skipadeild SÍS ........ 142, 164, 204
Skipasmíðastöð M. Bernharðssonar ........ 271
Skipaútgerð ríkisins ........ 204
Skipstjórafélag Íslands ........ 132, 142, 152, 164
Skipstjórafélag Norðlendinga ........ 21
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan ........ 21
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Hafþór ........ 21
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Kári ........ 21
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi ........ 21
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Vísir ........ 21
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir ........ 21
Stálsmiðjan h/f ........ 178
Stálvík h/f ........ 224
Starfsmannafélag ríkisstofnana ........ 98, 127
Stýrimannafélag Íslands ........ 59, 132, 142, 152, 164
Sverrir Halldórsson ........ 35
Sæmundur Jónsson ........ 264

Sængurgerð Sambands íslenskra samvinnufélaga ........ 66
Útvegsbændafélag Vestmannaeyja ........ 21, 219
Útvegsmannafélag Akraness ........ 21, 40, 219
Útvegsmannafélag Austfjarða ........ 21, 40, 219
Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar ........ 21, 40, 219
Útvegsmannafélag Hornafjarðar og Djúpavogs ........ 21, 40, 219
Útvegsmannafélag Norðurlands ........ 21, 40, 219
Útvegsmannafélag Reykjavíkur ........ 21, 40, 219
Útvegsmannafélag Snæfellsness ........ 21, 40, 219
Útvegsmannafélag Suðurnesja ........ 21, 40, 219
Útvegsmannafélag Þorlákshafnar ........ 21 40, 219
Vélsmiðjan Þór h/f ........ 271
Vélstjórafélag Íslands ........ 40, 132, 142, 152, 164, 219
Verkalýðsfélag Akraness ........ 230
Verkalýðsfélagið Baldur ........ 271
Verkalýðsfélagið Rangæingur ........ 1
Verkamannasamband Íslands ........ 1
Verkstjórafélagið Þór ........ 224
Verkstjórasamband Íslands ........ 224
Vinnumálasamband samvinnufélaganna ........ 66, 142, 164, 204, 224
Vinnuveitendafélag Vestmannaeyja ........ 59
Vinnuveitendasamband Íslands 59, 86, 132, 152, 178, 182, 198, 204, 213, 219,
224, 230, 271, 276, 283, 290
Vörubílstjórafélagið Fylkir ........ 250, 257, 264
Vörubílstjórafélagið Þróttur ........ 283
Þorvarður Guðmundsson ........ 224

## II. Skrá

yfir lög og reglugerðir, sem vísað er til í VIII. bindi Dóma Félagsdóms.

1936, nr. 85, 23. júní. Lög um meðferð einkamála í héraði.
— 115.
36. gr. — 112, 113, 115, 119.
45. gr. — 286.
46. gr. — 286.
67. gr. — 49, 50, 56, 57.
68. gr. — 201.
192. gr. — 50, 58.
1938, nr. 80, 11. júní. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur.
— 113, 116, 117, 118. 120, 133, 135, 136, 137, 138, 139, 143, 145, 146, 147, 149, 152, 158, 159, 160, 162, 164, 165, 170, 172, 173, 176, 177, 186, 200, 286, 289.
II. kafli. — 271, 272, 273, 275, 276.
1. gr. — 217, 274.
6. gr. — 29, 62.
14. gr. — 135, 145, 159, 171, 172.
15. gr. — 135, 139, 145.
16. gr. — 136, 139, 160, 173.
17. gr. — 139.
38. gr. — 119.
39. gr. — 115, 116, 117, 119.
42. gr. — 112, 118.
44. gr. — 68, 117, 139, 140, 141, 149, 150, 151, 172, 200, 203, 286, 288, 289, 291.
45. gr. — 38, 117, 289.
48. gr. — 112, 115, 116, 118, 119.
56. gr. — 50, 57.
64. gr. — 69.
65. gr. — 2, 10.
67. gr. — 69, 70, 126, 141, 150, 202, 288.
69. gr. — 50, 58, 112, 115, 117, 119, 120, 201, 286.
1940, nr. 19, 12. febrúar. Almenn hegningarlög.
XXIV. kafli. — 286.
1943, nr. 64, 16. desember. Lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.
2. gr. — 247, 254.
1944, nr. 33, 17. júní. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.
2. gr. — 68.
69. gr. — 246, 248, 253, 255, 260, 262, 267, 269, 273.

1949, nr. 46, 25. maí. Lög um iðnfræðslu.
— 35.
1952, nr. 23. 1. febrúar. Lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.
5. gr. — 4.
8. gr. — 8.
28. gr. — 53, 56.
1954, nr. 11, 9. febrúar. Auglýsing um fullgildingu Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
6. gr. — 68.
1954, nr. 38, 14. apríl. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
1. gr. — 123.
11. gr. — 54, 55.
29. gr. — 117, 125.
31. gr. — 54.
1958, nr. 16, 9. apríl. Lög um rétt verkafólks til uppsagnar frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.
— 198, 199, 201, 214, 215, 218, 235.
3. gr. — 235.
7. gr. — 199.
1962, nr. 55, 28. apríl. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
— 123.
23. gr. — 85.
24. gr. — 85.
1963, nr. 67, 31. desember. Sjómannalög.
45. gr. — 62, 65.
1966, nr. 1, 31. janúar. Lög um leigubifreiðar.
— 244, 246, 247, 251, 253. 254, 258, 260, 261, 262, 265, 267, 268.
1. gr. — 244, 247, 248, 251, 254, 255, 258, 261, 262, 265, 268, 269.
6. gr. — 244, 251, 258.
12. gr. — 244, 247, 251, 254, 258, 262.
1966, nr. 53, 13. maí. Lög um vernd barna og unglinga.
— 9.
1966, nr. 68, 11. maí. Lög um iðnfræðslu.
— 35.
1966, nr. 163, 19. júlí. Reglugerð um hámarkstölu vörubifreiða í Rangárvallasýslu.
— 246, 247, 248, 251, 253, 254, 255, 258, 260, 261, 262, 265, 267, 268, 269.
1. gr. — 244, 247, 248, 251, 254, 255, 258, 261, 262, 265, 268, 269.
3. gr. — 244.
1968, nr. 40, 23. apríl. Umferðarlög.
IV. kafli — 286.
1970, nr. 36, 9. maí. Lög um leigubifreiðar.
— 243, 244, 245, 247, 248, 249, 250, 251, 252, 253, 254, 255, 256, 257, 258, 259, 260, 262, 264, 265, 266, 267, 268, 269, 270, 287.
6. gr. — 246, 251, 253, 256, 258, 260, 262, 265, 267, 286.
12. gr. — 246, 247, 251, 253, 254, 258, 260, 262, 265, 267, 268.
1970, nr. 105, 9. júní. Reglugerð um vernd barna og unglinga.

— 9.
1970, nr. 244, 3. nóvember. Reglugerð um hámark leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þróttar.
— 287.
1971, nr. 87, 24. desember. Lög um orlof.
— 302.
3. gr. — 302.
16. gr. — 200.
1971, nr. 88, 24. desember. Lög um 40 stunda vinnuviku.
— 105, 108.
1971, nr. 137, 26. júlí. Samþykkt um opnunartíma verslana o.fl í Reykjavík.
4. gr. — 184.
1972, nr. 109, 31. desember. Lög um breyting á lögum nr. 87/1971, um orlof.
— 200.
1973, nr. 46, 25. apríl. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
— 118, 122, 124.
1. gr. — 57.
2. gr. — 49.
3. gr. — 49, 57.
5. gr. — 84.
25. gr. — 84, 85.
26. gr. — 49, 50, 56, 57, 116, 119, 200.
1973, nr. 75, 21. júní. Lög um Hæstarétt Íslands.
6. gr. — 112, 115, 116, 119.
22. gr. — 70.
1973, nr. 138. Samþykkt 58. Alþjóðavinnumálaþingsins í Genf.
3. gr. — 4.
1974, nr. 9, 14. mars. Lög um starfskjör launþega o.fl.
2. gr. — 68.
1974, nr. 70, 24. apríl. Lög um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.
2. gr. — 117.
1974, nr. 97, 31. desember. Lög um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.
— 111, 121.
9. gr. — 130.
1975, nr. 307, 2. júlí. Samþykkt um afgreiðslutíma varslana o.fl. á Akureyri.
1. gr. — 184.
3. gr. — 184.
1976, nr. 4, 13. febrúar. Lög um stofnfjársjóð fiskiskipa.
— 26.
1976, nr. 5, 13. febrúar. Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum.
— 26.
1976, nr. 6, 13. febrúar. Lög um gjald af gas- og brennsluolíum.
— 26.
1976, nr. 17, 19. mars. Lög um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.

— 26.
1976, nr. 29, 26. maí. Lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
— 52, 102, 112, 113, 117, 123, 124.
1. gr. — 122, 123.
3. gr. — 49, 57.
4. gr. — 49, 57, 98, 99, 124.
5. gr. — 124.
7. gr. — 99.
32. gr. — 73.
34. gr. — 49, 56, 117, 121, 123, 124, 125, 128, 200.
35. gr. — 114, 117, 119, 120.
39. gr. — 46, 50, 72.
1976, nr. 35, 26. maí. Lög um breyting á lögum nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
— 85, 122.
1976, nr. 94, 20. maí. Lög um skráningu og mat fasteigna.
2. gr. — 73.
1976, nr. 98, 6. september. Bráðabirgðalög um kaup og kjör sjómanna.
— 40, 41, 44.
1977, nr. 23, 10. maí. Lög um breyting á lögum nr. 46/1973 um kjarasamning opinberra starfsmanna.
10. gr. — 85.
1978, nr. 3, 17. febrúar. Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum.
— 95, 96, 292, 293.
1. gr. — 91, 92, 93, 94.
2. gr. — 91, 94.
1978, nr. 51, 12. maí. Lög um embættisgengi kennara og skólastjóra.
2. gr. — 239, 242.
1978, nr. 103, 30. nóvember. Lög um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.
— 215, 217, 218.
1978, nr. 104, 7. mars. Reglugerð um verðbótaviðauka.
1979, nr. 13, 10. apríl. Lög um stjórn efnahagsmála o.fl.
— 233.
48. gr. — 291.
49. gr. — 291.
50. gr. — 291.
51. gr. — 291.
52. gr. — 291.
1979, nr. 19, 1. maí. Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.
— 198, 199, 200, 201, 205, 211, 215, 216, 217, 233, 234, 236.
1. gr. — 234, 235.
3. gr. — 230, 234, 235.
7. gr. — 201, 202, 203, 213, 214, 215, 216, 217, 218, 219.
9. gr. — 217.

10. gr. — 217, 230, 234, 235.
1979, nr. 70, 19. júní. Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands.
— 133, 134, 137, 138, 139, 140, 143, 146, 147, 148, 150, 152, 157, 158, 159, 161, 162, 164, 165, 170, 171, 172, 174, 175, 176.
1. gr. — 141, 143, 150, 155, 167.
2. gr. — 134, 137, 144, 147, 151, 155, 167.
3. gr. — 134, 137, 144, 147, 155, 167.
4. gr. — 134, 136, 144, 146, 151, 155, 160, 162, 167, 172, 173, 176.
6. gr. — 134, 136, 141, 144, 146, 151, 155, 160, 167, 174.
7. gr. — 134, 144, 156, 168.
1980, nr. 46, 28. maí. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
IX. kafli. — 273.
1981, nr. 10, 13. apríl. Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.
5. gr. — 291.
1982, nr. 79, 21. ágúst. Bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir.
— 295.
1. gr. — 291.
11. gr. — 291.
1982, nr. 90, 31. desember. Lög um breyting á lögum nr. 87/1971 um orlof.
— 302, 303.
1. gr. — 302.

# III. Efnisskrá til yfirlits.

Aðild.
Aðiljaskýrslur.
Aldurstakmörk.
Bifreiðastjórar.
Bókagerðarmenn.
Bónusgreiðslur.
Dagpeningar.
Dómarar.
Dómsvald. Sjá frávísun.
Fargjald.
Farmgjaldainnheimta.
Sjá kjarasamningar 59.
Farmiðasala.
Sjá kjarasamningar 59.
Félagsdómur.
Sjá frávísun.
Félagsgjöld.
Félagsréttindi.
Forgangsréttur.
Framreiðslumenn.
Frávísun.
Frídagar.
Gildistími.
Helgarvinnubann.
Hvíldartími.
Sjá kjarasamningar 204.
Hæstiréttur.
Iðnnemar.
Kauptrygging.
Kennarar.
Kjaradómur.
Sjá frávísun 78.
Kjarasamningar.
Kærumál.
Sjá frávísun.
„Launatillegg".
Leikarar.
Sjá kjarasamningar 98.
Löndunarvinna.
Orlof.
Refsingar.
Sératkvæði.
Símamenn.
Sjá kjarasamningar 71.
Sjúkrasjóðir.
Starfsaldur.
Sýkna að svo stöddu.
Uppsögn á kaupliðum.
Vaktavinna.
Vélstjórar.
Sjá kjarasamningar 219.
Verkföll.
Sjá einnig vinnustöðvun.
Verkstjórar.
Verktakar.
Sjá kjarasamningar 1.
Viðleguútbúnaður.
Sjá kjarasamningar 71.
Vinnustöðvun.
Sjá einnig verkföll.
Yfirvinnuálag.
Sjá kjarasamningar 51.
Yfirvinnubann.
Sjá einnig helgarvinnubann.
Yfirvinnukaup.
Þjónustugjald.
Sjá framreiðslumenn.

# IV. Efnisskrá.

*Aðild.*

Félag matreiðslumanna synjaði að reka mál matreiðslunema fyrir Félagsdómi. Alþýðusamband Íslands taldi rétt, að Iðnnemasamband Íslands væri í fyrirsvari í málinu. ASÍ lýsti því hins vegar yfir, að það hefði ekkert við það að athuga, að iðnneminn leitaði úrskurðar dómstóla. Litið var svo á, að afstaða ASÍ fæli í sér synjun á að reka málið fyrir iðnnemann. Með því að ekki var leitt í ljós, að Iðnnemasamband Íslands væri stéttarfélag eða samband stéttarfélaga var iðnnemanum talið heimilt að reka mál sitt sjálfur, sbr. 45. gr. laga nr. 80/1938 .................................. 35

*Aðiljaskýrslur.*

Fulltrúar verkalýðsfélags gefa skýrslur fyrir dómi um málsatvik ............ 1

*Aldurstakmörk.*

Erlendur verktaki taldi sér ekki skylt að ráða til sín verkamenn, sem ekki höfðu náð 18 ára aldri ................................................ 1

*Bifreiðastjórar.*

Á, sjálfseignarvörubifreiðastjóri, gerði kröfu til þess, ,,að varnaraðila, Vörubílstjórafélaginu Fylki, verði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, án frekari tafar.'' Talið var, að 69. gr. stjórnarskrárinnar stæði því ekki í vegi, að löggjafarvaldið setti reglur um takmarkanir á atvinnuréttindum manna svo sem gert var með lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Reglugerð nr. 163/1966, sem sett var fyrir Rangárvallasýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 1/1966 um leigubifreiðar, kveður svo á í 1. gr., að sýslunefnd geti að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Fylkis og með samþykki samgönguráðuneytisins ákveðið hámarkstölu vörubifreiða á félagssvæðinu. Var talið, að hér væri ekki um óheimilt framsal valds að ræða af hálfu ráðuneytisins, þar sem skýra bæri 1. gr. reglugerðarinnar á þann veg, að ákvörðunarvald í þessu efni væri í raun hjá ráðuneytinu. Ekki þótti vera ástæða til að dæma um þann þátt kröfugerðar stefnanda, að Vörubílstjórafélaginu Fylki yrði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið, þar sem margsinnis hafði verið lýst yfir af hálfu félagsins og staðfest í málflutningi, að stefnanda stæði til boða að gerast félagsmaður. Lagt var til grundvallar, að í kröfu stefnanda um full félagsréttindi væri átt við öll réttindi, þ.e. rétt til að halda úti leigubifreið til vöruflutninga fyrir almenning. Samkvæmt þessu þótti ,,verða að sýkna stefnda að svo stöddu af þessari kröfu stefnanda.'' ................ 243

G, sjálfseignarvörubifreiðastjóri, gerði kröfu til þess, ,,að varnaraðila, Vörubílstjórafélaginu Fylki, verði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, án frekari tafar.'' Talið var, að 69. gr. stjórnarskrárinnar stæði því ekki í vegi, að löggjafarvaldið setti reglur um takmarkanir á atvinnuréttindum manna svo sem gert var með lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Reglugerð nr. 163/1966, sem sett var fyrir

Rangárvallasýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 1/1966 um leigubifreiðar, kveður svo á í 1. gr., að sýslunefnd geti að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Fylkis og með samþykki samgönguráðuneytisins ákveðið hámarkstölu vörubifreiða á félagssvæðinu. Var talið, að hér væri ekki um óhemilt framsal valds að ræða af hálfu ráðuneytisins, þar sem skýra bæri 1. gr. reglugerðarinnar á þann veg, að ákvörðunarvald í þessu efni væri í raun hjá ráðuneytinu. Ekki þótti vera ástæða til að dæma um þann þátt kröfugerðar stefnanda, að Vörubílstjórafélaginu Fylki yrði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið, þar sem margsinnis hafði verið lýst yfir af hálfu félagsins og staðfest í málflutningi, að stefnanda stæði til boða að gerast félagsmaður. Lagt var til grundvallar, að í kröfu stefnanda um full félagsréttindi væri átt við öll réttindi, þ.e. rétt til að halda úti leigubifreið til vöruflutninga fyrir almenning. Samkvæmt þessu þótti ,,verða að sýkna stefnda að svo stöddu af þessari kröfu stefnanda.“ .................. 250

K, sjálfseignarvörubifreiðastjóri, gerði kröfu til þess, ,,að varnaraðila, Vörubílstjórafélaginu Fylki, verði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, án frekari tafar.“ Talið var, að 69. gr. stjórnarskrárinnar stæði því ekki í vegi, að löggjafarvaldið setti reglur um takmarkanir á atvinnuréttindum manna svo sem gert var með lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Reglugerð nr. 163/1966, sem sett var fyrir Rangárvallasýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 1/1966 um leigubifreiðar, kveður svo á í 1. gr., að sýslunefnd geti að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Fylkis og með samþykki samgönguráðuneytisins ákveðið hámarkstölu vörubifreiða á félagssvæðinu. Var talið, að hér væri ekki um óhemilt framsal valds að ræða af hálfu ráðuneytisins, þar sem skýra bæri 1. gr. reglugerðarinnar á þann veg, að ákvörðunarvald í þessu efni væri í raun hjá ráðuneytinu. Ekki þótti vera ástæða til að dæma um þann þátt kröfugerðar stefnanda, að Vörubílstjórafélaginu Fylki yrði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið, þar sem margsinnis hafði verið lýst yfir af hálfu félagsins og staðfest í málflutningi, að stefnanda stæði til boða að gerast félagsmaður. Lagt var til grundvallar, að í kröfu stefnanda um full félagsréttindi væri átt við öll réttindi, þ.e. rétt til að halda úti leigubifreið til vöruflutninga fyrir almenning. Samkvæmt þessu þótti ,,verða að sýkna stefnda að svo stöddu af þessari kröfu stefnanda.“ .................. 257

S, sjálfseignarvörubifreiðastjóri, gerði kröfu til þess, ,,að varnaraðila, Vörubílstjórafélaginu Fylki, verði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, án frekari tafar.“ Talið var, að 69. gr. stjórnarskrárinnar stæði því ekki í vegi, að löggjafarvaldið setti reglur um takmarkanir á atvinnuréttindum manna svo sem gert var með lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Reglugerð nr. 163/1966, sem sett var fyrir Rangárvallasýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 1/1966 um leigubifreiðar, kveður svo á í 1. gr., að sýslunefnd geti að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Fylkis og með samþykki samgönguráðuneytisins ákveðið hámarkstölu vörubifreiða á félagssvæðinu. Var talið, að hér væri ekki um óhemilt framsal valds að ræða af hálfu ráðuneytisins, þar sem skýra bæri 1. gr. reglugerðarinnar á þann veg, að ákvörðunarvald í þessu efni væri í

raun hjá ráðuneytinu. Ekki þótti vera ástæða til að dæma um þann þátt kröfugerðar stefnanda, að Vörubílstjórafélaginu Fylki yrði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið, þar sem margsinnis hafði verið lýst yfir af hálfu félagsins og staðfest í málflutningi, að stefnanda stæði til boða að gerast félagsmaður. Lagt var til grundvallar, að í kröfu stefnanda um full félagsréttindi væri átt við öll réttindi, þ.e. rétt til að halda úti leigubifreið til vöruflutninga fyrir almenning. Samkvæmt þessu þótti „verða að sýkna stefnda að svo stöddu af þessari kröfu stefnanda.“ ................. 264

*Bókagerðarmenn.*

Í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna og Félags íslenska prentiðnaðarins frá 16. júlí 1982 var svofellt ákvæði: „Kaupgjaldsákvæðum þessa samnings er heimilt að segja upp á samningstímabilinu með eins mánaðar fyrirvara ef: a) Sett verða lög, sem breyta ákvæðum um greiðslu verðbóta á laun. b) Launahækkanir í aðal- og sérkjarasamningum opinberra starfsamanna verði meiri en í samningi þessum felast.“ Bókagerðarmenn sögðu upp kaupgjaldsliðum kjarasamningsins 16. júlí og uppsögnin skyldi miðast við 1. september þannig að samningar yrðu lausir frá og með 1. október. FÍP krafðist þess, „að dæmt verði að uppsögn FBM á kaupliðum kjarasamningsins sé andstæð samningum aðila og því ólögmæt og marklaus.“ Umrætt samningsákvæði var túlkað á þá leið, að hvor samningsaðila um sig hafi mátt segja upp kaupliðum kjarasamningsins hvenær sem var frá setningu bráðabirgðalaga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir með minnst mánaðar fyrirvara þannig, að samningar yrðu lausir að þessu leyti í fyrsta lagi frá og með 1. desember 1982. Uppsögnin var því dæmd ógild. Einn dómari skilaði sératkvæði. Hann var sammála niðurstöðu meirihluta dómenda en á öðrum forsendum ................................ 290

*Bónusgreiðslur.*

Járniðnaðarmenn gerðu kröfu til þess, að bónusgreiðslur til þeirra „skuli gerðar upp með dagvinnukaupi hvers og eins starfsmanns að viðbættu 33% álagi.“ Ágreiningslaust var, að járniðnaðarmenn höfðu ekki áður innt af hendi slíka ákvæðisvinnu í vaktavinnu en jafnan áður unnið verk í ákvæðisvinnu með þeim hætti að lagt var til grundvallar að verk tæki ákveðinn fjölda klukkustunda, en lyki því á skemmri tíma, hafi þeim tíma sem gekk af verið skipt milli þeirra starfsmanna, sem við verkið unnu, í hlutfalli við vinnustundir hvers þeirra og hafi þær stundir verið greiddar með dagvinnukaupi hvers og eins. Þegar litið var til þessa og þeirrar framkvæmdar á greiðslum við ákvæðisvinnu, sem beitt hafði verið „hefur stefnandi ekki sýnt fram á að greiða eigi bónusgreiðslur með vaktaálagi fyrir umrædda vinnu við b/v Rauðanúp.“ ...................................... 178

*Dagpeningar.*

S bóknámskennari og B verknámskennari, báðir búsettir á Akranesi, voru félagar í Hinu íslenska kennarafélagi, sem var aðili að BHM. Báðir sóttu þeir námskeið í uppeldis- og kennslufræðum, S við Háskólann en B við Kennara-

háskólann. Þeir töldu sig eiga rétt á greiðslu fargjalda og dagpeninga skv. gr. 2.4. í sérkjarasamningi. Meirihluti dómenda leit svo á, að ekki væri séð, að ofangreint ákvæði „né önnur ákvæði samningsins undanskilji í þessu sambandi námskeið, sem þannig er efnt til í uppeldis- og kennslufræðum. Ákvæði gr. 2.4. fjallar að vísu einnig um, hvernig meta skuli námskeið til stiga og tekur það ákvæði ekki til uppeldis- og kennslufræða, þar sem gr. 2.3. ákveður stig fyrir próf í þeim fræðum. Af því þykir þó ekki verða leidd sú ályktun, að eigi skuli greiða þátttakendum í slíkum námskeiðum ferða- og uppihaldskostnað." Ákvæði sérkjarasamningsins þóttu þannig ekki renna stoðum undir þær kröfur stefnda, að námskeið í umræddum fræðum væru undanskilin að því er varðar greiðslu ferða- og uppihaldskostnaðar í þeim. Var krafa kennaranna því tekin til greina. Tveir dómarar skiluðu sératkvæði og vildu sýkna stefnda af kröfum kennaranna .............. 237

*Dómarar.*

BSRB höfðaði mál gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Einn af dómurum málsins, sem BSRB hafði tilnefnt samkvæmt 34. gr. laga nr. 29/1976, var stjórnarmaður í BSRB. Þess var krafist af hálfu varnaraðila, að þessi dómari viki sæti í málinu. Þrír af dómendum Félagsdóms kváðu upp þann úrskurð, að samkvæmt gagnályktun frá 48. gr. laga nr. 80/1938, sbr. og 42. gr. sömu laga bæri dómaranum ekki að víkja sæti í málinu. Einn dómari var sammála þessari niðurstöðu, en skilaði sératkvæði um forsendur. Einn dómari var á gagnstæðri skoðun og taldi, að dómaranum bæri að víkja sæti í málinu, þar sem hann hefði sem stjórnarmaður í BSRB aðilastöðu í málinu ........................................................ 111

*Dómsvald.* Sjá frávísun.

*Fargjald.*

S bóknámskennari og B verknámskennari, báðir búsettir á Akranesi, voru félagar í Hinu íslenska kennarafélagi, sem var aðili að BHM. Báðir sóttu þeir námskeið í uppeldis- og kennslufræðum, S við Háskólann en B við Kennaraháskólann. Þeir töldu sig eiga rétt á greiðslu fargjalda og dagpeninga skv. gr. 2.4. í sérkjarasamningi. Meirihluti Félagsdóms leit svo á, að ekki væri séð, að ofangreint ákvæði „né önnur ákvæði samningsins undanskilji í þessu sambandi námskeið, sem þannig er efnt til í uppeldis- og kennslufræðum. Ákvæði gr. 2.4. fjallar að vísu einnig um, hvernig meta skuli námskeið til stiga og tekur það ákvæði ekki til uppeldis- og kennslufræða, þar sem gr. 2.3. ákveður stig fyrir próf í þeim fræðum. Af því þykir þó ekki verða leidd sú ályktun, að eigi skuli greiða þátttakendum í slíkum námskeiðum ferða- og uppihaldskostnað." Ákvæði sérkjarasamningsins þóttu þannig ekki renna stoðum undir þær kröfur stefnda, að námskeið í umræddum fræðum væru undanskilin að því er varðar greiðslu ferða- og uppihaldkostnaðar í þeim. Var krafa kennaranna því tekin til greina. Tveir dómarar skiluðu sératkvæði og vildu sýkna stefnda af kröfum kennaranna .............. 237

*Farmgjaldainnheimta.* Sjá kjarasamningar 59.

*Farmiðasala.* Sjá kjarasamningar 59.

*Félagsdómur.* Sjá frávísun.

*Félagsgjöld.*

Vélstjórar gerðu kröfu til þess, að útvegsmönnum ,,verði dæmt skylt að halda eftir félagsgjaldi, 1% af heildarlaunum vélstjóra, frá 6. janúar 1980, og standa skil á því til Vélstjórafélags Íslands eftir kröfu félagsins." Framkvæmd málsaðila varðandi félagsgjöld var sú um langt árabil, að útvegsmenn gerðu árleg skil til Vélstjórafélags Íslands samkvæmt reikningi félagsins. Ákvæði kjarasamninga um félagsgjöld höfðu ekki sætt breytingum undanfarandi ár. Að svo vöxnu máli og þar sem sú breyting, sem krafa var gerð um, myndi verða talsvert íþyngjandi fyrir útvegsmenn, var krafan ekki tekin til greina .......................................... 219

*Félagsréttindi.*

Á, sjálfseignarvörubifreiðastjóri, gerði kröfu til þess, ,,að varnaraðila, Vörubílstjórafélaginu Fylki, verði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, án frekari tafar." Talið var, að 69. gr. stjórnarskrárinnar stæði því ekki í vegi, að löggjafarvaldið setti reglur um takmarkanir á atvinnuréttindum manna svo sem gert var með lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Reglugerð nr. 163/1966, sem sett var fyrir Rangárvallasýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 1/1966 um leigubifreiðar, kveður svo á í 1. gr., að sýslunefnd geti að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Fylkis og með samþykki samgönguráðuneytisins ákveðið hámarkstölu vörubifreiða á félagssvæðinu. Var talið, að hér væri ekki um óhemilt framsal valds að ræða af hálfu ráðuneytisins, þar sem skýra bæri 1. gr. reglugerðarinnar á þann veg, að ákvörðunarvald í þessu efni væri í raun hjá ráðuneytinu. Ekki þótti vera ástæða til að dæma um þann þátt kröfugerðar stefnanda, að Vörubílstjórafélaginu Fylki yrði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið, þar sem margsinnis hafði verið lýst yfir af hálfu félagsins og staðfest í málflutningi, að stefnanda stæði til boða að gerast félagsmaður. Lagt var til grundvallar, að í kröfu stefnanda um full félagsréttindi væri átt við öll réttindi, þ.e. rétt til að halda úti leigubifreið til vöruflutninga fyrir almenning. Samkvæmt þessu þótti ,,verða að sýkna stefnda að svo stöddu af þessari kröfu stefnanda." .................. 243

G, sjálfseignarvörubifreiðastjóri, gerði kröfu til þess, ,,að varnaraðila, Vörubílstjórafélaginu Fylki, verði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, án frekari tafar." Talið var, að 69. gr. stjórnarskrárinnar stæði því ekki í vegi, að löggjafarvaldið setti reglur um takmarkanir á atvinnuréttindum manna svo sem gert var með lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Reglugerð nr. 163/1966, sem sett var fyrir Rangárvallasýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 1/1966 um leigubifreiðar, kveður svo á í 1. gr., að sýslunefnd geti að fengnum tillögum Vörubílstjóra-

félagsins Fylkis og með samþykki samgönguráðuneytisins ákveðið hámarkstölu vörubifreiða á félagssvæðinu. Var talið, að hér væri ekki um óhemilt framsal valds að ræða af hálfu ráðuneytisins, þar sem skýra bæri 1. gr. reglugerðarinnar á þann veg, að ákvörðunarvald í þessu efni væri í raun hjá ráðuneytinu. Ekki þótti vera ástæða til að dæma um þann þátt kröfugerðar stefnanda, að Vörubílstjórafélaginu Fylki yrði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið, þar sem margsinnis hafði verið lýst yfir af hálfu félagsins og staðfest í málflutningi, að stefnanda stæði til boða að gerast félagsmaður. Lagt var til grundvallar, að í kröfu stefnanda um full félagsréttindi væri átt við öll réttindi, þ.e. rétt til að halda úti leigubifreið til vöruflutninga fyrir almenning. Samkvæmt þessu þótti „verða að sýkna stefnda að svo stöddu af þessari kröfu stefnanda.“ .................. 250

K, sjálfseignarvörubifreiðastjóri, gerði kröfu til þess, „að varnaraðila, Vörubílstjórafélaginu Fylki, verði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, án frekari tafar.“ Talið var, að 69. gr. stjórnarskrárinnar stæði því ekki í vegi, að löggjafarvaldið setti reglur um takmarkanir á atvinnuréttindum manna svo sem gert var með lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Reglugerð nr. 163/1966, sem sett var fyrir Rangárvallasýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 1/1966 um leigubifreiðar, kveður svo á í 1. gr., að sýslunefnd geti að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Fylkis og með samþykki samgönguráðuneytisins ákveðið hámarkstölu vörubifreiða á félagssvæðinu. Var talið, að hér væri ekki um óhemilt framsal valds að ræða af hálfu ráðuneytisins, þar sem skýra bæri 1. gr. reglugerðarinnar á þann veg, að ákvörðunarvald í þessu efni væri í raun hjá ráðuneytinu. Ekki þótti vera ástæða til að dæma um þann þátt kröfugerðar stefnanda, að Vörubílstjórafélaginu Fylki yrði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið, þar sem margsinnis hafði verið lýst yfir af hálfu félagsins og staðfest í málflutningi, að stefnanda stæði til boða að gerast félagsmaður. Lagt var til grundvallar, að í kröfu stefnanda um full félagsréttindi væri átt við öll réttindi, þ.e. rétt til að halda úti leigubifreið til vöruflutninga fyrir almenning. Samkvæmt þessu þótti „verða að sýkna stefnda að svo stöddu af þessari kröfu stefnanda.“ .................. 257

S, sjálfseignarvörubifreiðastjóri, gerði kröfu til þess, „að varnaraðila, Vörubílstjórafélaginu Fylki, verði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, án frekari tafar.“ Talið var, að 69. gr. stjórnarskrárinnar stæði því ekki í vegi, að löggjafarvaldið setti reglur um takmarkanir á atvinnuréttindum manna svo sem gert var með lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Reglugerð nr. 163/1966, sem sett var fyrir Rangárvallasýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 1/1966 um leigubifreiðar, kveður svo á í 1. gr., að sýslunefnd geti að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Fylkis og með samþykki samgönguráðuneytisins ákveðið hámarkstölu vörubifreiða á félagssvæðinu. Var talið, að hér væri ekki um óhemilt framsal valds að ræða af hálfu ráðuneytisins, þar sem skýra bæri 1. gr. reglugerðarinnar á þann veg, að ákvörðunarvald í þessu efni væri í raun hjá ráðuneytinu. Ekki þótti vera ástæða til að dæma um þann þátt kröfugerðar stefnanda, að Vörubílstjórafélaginu Fylki yrði dæmt skylt að

veita honum inngöngu í félagið, þar sem margsinnis hafði verið lýst yfir af hálfu félagsins og staðfest í málflutningi, að stefnanda stæði til boða að gerast félagsmaður. Lagt var til grundvallar, að í kröfu stefnanda um full félagsréttindi væri átt við öll réttindi, þ.e. rétt til að halda úti leigubifreið til vöruflutninga fyrir almenning. Samkvæmt þessu þótti „verða að sýkna stefnda að svo stöddu af þessari kröfu stefnanda.“ ................. 264

*Forgangsréttur.*

Erlendur verktaki, sem annaðist verkframkvæmd við Sigöldu, taldi sér ekki skylt, þrátt fyrir forgangsréttarákvæði í kjarasamningi, að ráða þá félagsmenn verkalýðsfélgsins, sem ekki höfðu náð 18 ára aldri. Talið var, að verktakinn hefði brotið forgangsréttarákvæði kjarasamningsins. Ekki voru þó efni til að refsa verktakanum skv. 65. gr. laga nr. 80/1938 ......... 1

*Framreiðslumenn.*

Í kjarasamningi Félags framreiðslumanna var svofellt ákvæði: „Í veislum, lokuðum samkvæmum, þegar dúkað er upp sameiginlegt borð (veisluborð), skal þjónustugjald framreiðslumanna af mat vera 20% ef fjöldi gesta fer yfir 30.“ Hótel Saga hélt því fram, að í tiltekinni veislu í Hliðarsal hótelsins hafi framreiðslumenn aðeins átt rétt á venjulegu þjónustugjaldi 15% en ekki 20%, sem framreiðslumenn töldu sig eiga rétt á samkvæmt ofangreindu ákvæði kjarasamningsins. Meirihluti dómenda leit svo á, að aðrir gestir hótelsins hefðu ekki átt aðgang að Hliðarsal á meðan á borðhaldi stóð. Var kröfu hótelsins því hafnað. Tveir dómenda skiluðu sératkvæði. Féllust þeir á sjónarmið hótelsins ................................ 189

*Frávísun.*

Krafist var dóms um, „að starfsstúlkur Sængurgerðar SÍS eigi rétt til að vera í lífeyrissjóði stéttarfélags síns, þ.e. Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra og að þeim sé óskylt að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs SÍS.“ Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1974 segir: „Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneyti hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands.“ Fjármálaráðuneytið hafði ekki fjallað um ágreiningsefnið. Var málinu því vísað frá Félagsdómi. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu .. 66

Dæmt var, að Kjaradómur ætti samkvæmt 10. gr. laga nr. 23/1977 úrskurðarvald um skipun manna í launaflokka og gilti það einnig um launaþrep. Þótt báðir aðilar óskuðu eftir efnisdómi í málinu var því vísað frá Félagsdómi 78

BSRB höfðaði mál gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og krafðist þess, að dæmt yrði, að tilteknir ríkisstarfsmenn, þar á meðal sumarafleysingafólk og starfsmenn sem ráðnir væru hluta úr ári vegna tímabundinna verkefna, „skuli um kaup og önnur starfskjör fara eftir aðalkjarasamningi BSRB og öðrum þeim kjarasamningum, sem aðildarfélög bandalagsins standa að.“ Meiri hluti dómenda leit svo á, að ákvæði 34. gr. laga nr. 29/1976, sem fjallar um dómsvald Félagsdóms, væri fortakslaust. Varð því hvorki af orðum ákvæðisins né forsögu þess ráðið, að því hafi verið ætlað að taka til annarra

ágreiningsmála en þeirra, sem í því greinir. Var málinu því vísað frá Félagsdómi. Einn dómenda taldi rétt að hafna frávísunarkröfunni. Hæstiréttur staðfesti frávísunardóminn ........................................ 121

Vinnuveitendasamband Íslands höfðaði mál f.h fjögurra útgerðarfélaga gegn Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna fimm aðildarfélaga þess. Var þess krafist, að „að yfirvinnubann það, sem tilkynnt var til kaupskipaútgerða af samninganefnd yfirmanna ... verði dæmt brot á lögum nr. 80/1938 og bráðabirgðalögum nr. 70/1979 og kjarasamningum félaga yfirmanna." Meirihluti dómenda vísaði málinu frá Félagsdómi. Tveir dómarar voru hins vegar á gagnstæðri skoðun og skiluðu sératkvæði. Vildu þeir hrinda hinni framkomnu frávísunarkröfu. Hæstiréttur tók m.a. fram: „Ákvæði 6. gr. laga nr. 70/1979 verður ekki örugglega skýrt svo, að því sé ætlað að skjóta loku fyrir, að slík krafa verði höfð uppi fyrir Félagsdómi í samræmi við meginreglu 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi." ........................................ 132

Vinnumálasamband samvinnufélaganna höfðaði mál vegna skipadeildar SÍS gegn Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna fimm aðildarfélaga þess. Var þess krafist, „að yfirvinnubann það, sem samninganefnd yfirmanna á kaupskipum tilkynnti skipadeilda SÍS ... verði dæmt ólögmætt og andstætt lögum nr. 80/1938 og bráðabirgðalögum nr. 70/1979 og fari í bága við ákvæði kjarasamninga ...." Meirihluti dómenda vísaði málinu frá Félagsdómi. Tveir dómarar skiluðu sératkvæði. Niðurstaða þeirra var sú að hrinda ætti hinni framkomnu frávísunarkröfu. Hæstiréttur tók m.a. fram: „Ákvæði 6. gr. laga nr. 70/1979 verður ekki örugglega skýrt svo, að því sé ætlað að skjóta loku fyrir, að slík krafa verði höfð uppi fyrir Félagsdómi í samræmi við meginreglu 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi ..." ........................................ 142

VSÍ gerði þær kröfur f.h. Flugleiða h/f, „að viðurkennt verði með dómi, að Flugleiðum h/f sé ekki skylt að greiða 1% af launum félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna í þjónustu Flugleiða h/f í sérstakan sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna." Krafist var frávísunar. Félagsdómur hratt frávísunarkröfunni. Meirihluti Hæstaréttar staðfesti þá niðurstöðu m.a. með eftirgreindum rökum: „Málsástæður varnaraðilja fyrir Félagsdómi lúta þannig öðrum þræði að lögskýringu, þ.e. hvort félagar sóknaraðilja, sem eru flugmenn, séu vekafólk í skilningi 7. gr. laga nr. 19/1979, og hins vegar varða þær túlkun á kjarasamningi aðilja. Þegar litið er til eðlis beggja þessara málsástæðna og þess, hvernig þær eru samtengdar, þykir, eins og hér stendur á, rétt, að Félagsdómur taki sakarefni þetta til efnisúrlausnar." ........................................ 198

Saltsalan h/f samdi við Feró s.f. og Hafstein Alfreðsson um flutning á saltfarmi með tilstyrk dráttarbíla og flutningavagna þessara aðila frá borðstokki skips til birgðageymslu í landi. Vörubílstjórafélagið Þróttur taldi að félagsmenn þess ættu forgangsrétt til þessara flutninga og óku nokkrir bifreiðastjórar félagsins bifreiðum sínum þvert fyrir aðkeyrsluleið flutningatækjanna og stöðvuðu þannig framkvæmnd verksins. VSÍ höfðaði mál og gerði þær kröfur, að viðurkennt yrði með dómi: „1. Að vinnustöðvunaraðgerðir

forráðamanna og félagsmanna Vörubílstjórafélagsins ... hafi verið ólögmætar og heimildarlausar. 2. Að stefnt sé bótaskylt ... vegna þessara aðgerða. 3. Að skilja beri ákvæði samnings milli Landssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands ... á þann veg að hann nái til vörubifreiða með hæst 15 tonna hlassþunga og forgangsréttarákvæði til leiguaksturs á vörubifreiðum samkvæmt 5. gr. nefnds samning sé við þetta takmarkað, en nái ekki til dráttarbíla með tengivagni og þá ekki til dráttarbíls með tengivagni sem ber yfir 20 tonna hlassþunga." Vörubílstjórafélagið Þróttur krafðist sýknu. Jafnframt hafði það uppi gagnkröfu með vísan til 53. gr. laga nr. 80/1938, „að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, ef fært þykir í máli þessara aðila, einkaréttur vörubílstjóra" í félaginu „til að annast þá flutninga, sem um er deilt í máli þessu." Meirihluti dómenda Félagsdóms vísuðu kröfum stefnanda frá dóminum svo og gagnkröfu stefnda. Tveir dómarar Félagsdóms töldu rétt að leggja efnisdóm á málið. Meirihluti Hæstaréttar staðfesti frávísunardóminn og tók m.a. fram: „Þær aðgerðir, sem um var að tefla af hendi varnaraðilja gagnvart sóknaraðiljum, Feró s/f og Hafsteini Alfreðssyni, í atvinnustarfsemi þeirra, voru ekki vinnustöðvun í skilningi 1. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Það ber eigi undir Félagsdóm, heldur almenna dómstóla að dæma um ólögmæti þeirra aðgerða og fébótaskyldu af því tilefni. Samkvæmt því verður hinn kærði frávísunardómur staðfestur að því er tekur til 1. og 2. tl. stefnukrafnanna." Þá taldi meirihluti Hæstaréttar, að vísa ætti einnig 3. tl. krafnanna frá dómi. Einn hæstaréttardómari var þeirrar skoðunar að fella ætti frávísunardóminn úr gildi að því er varðar 3. tl. stefnukröfunnar ......... 283

*Frídagar.*

Dæmt var, að símamönnum, sem unnu á reglubundnum vinnuvökum, skyldi bættur hver dagur, sem ekki var merktur vinnudagur á varðskrá og félli á almennan frídag eða stórhátíðardag, annan en sunnudag, með öðrum frídegi eða greiðslu yfirvinnukaups í 7 klukkustundir .................. 11

*Gildistími.*

Dæmt var, að enginn kjarasamningur hafi verið formlega í gildi frá tilteknum degi ............................................ 21

*Helgarvinnubann.*

Þann 30. júní 1981 tilkynnti Verkalýðsfélagið Baldur á Ísafirði, að almennur félagsfundur hafi samþykkt að heimila ekki vinnu á laugardögum og sunnudögum í júlí og ágúst. Skyldi því öll vinna verkafólks á yfirvinnu- og helgarvinnutímabilinu frá kl. 24:00 á föstudögum til hefðbundins vinnutíma á mánudagsmorgnum því óheimil ofangreinda daga. Þó skyldi heimilt að ljúka við löndun úr fiskiskipum á umræddu yfirvinnu- og helgarvinnutímabili, enda hafi þá vinna hafist við hana fyrir hádegi á föstudegi. Vinnuveitendasamband Íslands krafðist þess, „að viðurkennt verði með dómi að helgarvinnubannið ... sé ólögmæt vinnustöðvun í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938." Meirihluti dómenda leit svo á, að takmörkun sú á yfirvinnu og

helgarvinnu, sem verkalýðsfélagið hafði samþykkt, „verði ekki talið jafngilda vinnustöðvun í merkingu II. kafla laga nr. 80/1938 og er ekki brot á þar greindum lagareglum. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda." Einn dómenda leit hins vegar svo á, að vinnustöðvunin væri ólögmæt og brot á II. kafla laga nr. 80/1938 .................................. 271

*Hvíldartími.* Sjá kjarasamningar 204.

*Hæstiréttur.*

Hæstiréttur staðfestir dóm Félagsdóms um frávísun máls ............... 66 121

Hæstiréttur hrindir dómi Félagsdóms um frávísun máls ............... 132 142

*Iðnnemar.*

Iðnnemi höfðaði mál til viðurkenningar á rétti sínum til „launatilleggs" samkvæmt kjarasamningi Félags matreiðslumanna. Talið var, að hér væri um að ræða launauppbót, sem félli undir undanþáguákvæði í samkomulagi um kjör iðnnema. Launaviðbótin var ekki greidd öllum sveinum. Þá gerðu matreiðslunemar ekki kröfu til launaviðbótarinnar á meðan eldri samningur var í gildi og ekki kom fram krafa um slíka launaviðbót við samningsgerð. Var krafa varnaraðila, Hótel Sögu, um sýknu tekin til greina ........................................................................ 35

*Kauptrygging.*

A hafði starfað u.þ.b. 10 ár í frystihúsi H samkvæmt skriflegum ráðningarsamningi. Hinn 4. júlí 1980 fékk A bréf H, þar sem tekið var fram: „Vegna fyrirsjáanlegs fiskiskorts, sem stafar af árlegu eftirliti og viðgerðum á togurum fyrirtækjanna, sjáum við okkur tilneydda að segja upp kauptryggingarákvæði samninganna frá og með 11. júlí n.k..." A taldi uppsögnina vera brot á lögum nr. 19/1979 og krafðist, að dæmt yrði, að hún hafi átt lögvarinn rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Dómurinn leit svo á, að 1. gr. laga nr. 19/1979 segði fyrir um uppsagnarfrest ráðningarsamninga, en í 3. gr. væru sérákvæði um það, er starfsemi fellur niður t.d. vegna hráefnisskorts, og um þau tilfelli hafi kjarasamningar ákvæði um viku uppsagnarfrest. Ljóst væri, að almennt ætti uppsagnarákvæði 1. gr. við, þegar slíta skal ráðningu starfsmanns fyrir fullt og allt, en ekki þegar kauptryggingarákvæðum er sagt upp. Vinnslustöðvun í frystihúsinu var í lengsta lagi. Hvorki kjarasamningar né lög nr. 19/1979 settu þó relgur um það hve lengi vinnslustöðvun mætti standa, svo viku uppsagnarfrest mætti hafa. Skýra bar uppsögnina þannig, að H hafi ekki viljað slíta vinnuréttarsambandinu að fullu „og megi því telja uppsögnina, eins og hún var úr garði gerð, lögmæta." „Þá þykir ekki fært að vísa á bug þeirri skýringu stefnda, að vinnsla þess hráefnis, sem fram er komið að völ var á, hefði orðið óhagkvæm um skör fram, rekstrarlega séð." Var krafa stefnda um sýknu því tekin til greina .................................................. 230

*Kennarar*. Sjá einnig kjarasamningar 237.

Í sérkjarasamningi Félags menntaskólakennara og ríkissjóðs frá 15. maí 1974 var mælt fyrir um lækkun vikulegrar kennsluskyldu kennara eftir kennslualdri. Með kjarasamningi frá 1. júní 1976 átti að afnema þessa tilhögun, sem hafði gilt í tilteknum framhaldsskólum. Þó var afnám reglunnar með þeirri undantekningu er fram kom í Bókun X, er fylgdi samningnum. A gerði þá kröfu, ,,að viðurkennt verði með dómi að vikuleg kennsluskylda hennar við framhaldsdeild grunnskóla Garðabæjar, skólaárið 1981—1982, miðist við 26 einingar fram til 1. janúar 1982, en frá þeim tíma við 25 einingar.'' Ekki varð séð að ákvæði sérkjarasamnings 1974 um lækkun kennsluskyldu eftir 5, 10 og 15 ára starf hafi nokkru sinni gilt í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla og raunar ekki heldur í fjölbrautarskólum. Undantekningin í Bókun X var annars vegar bundin við kennara, sem voru að starfi skólaárið 1975—1976 og hins vegar við skóla ,,þar sem lækka átti kennsluskyldu skv. 5. gr. 10. mgr. sérkjarasamningsins frá 1974. Þá benti ekkert til þess, að Bókun X hafi verið ætlað að taka breytingum með breyttum kennsluháttum þannig að ákvæði hennar skyldi ná til annarra framhaldsskóla en það náði til árið 1976. Var krafa ríkissjóðs um sýknu því tekin til greina ........ 296

*Kjaradómur*. Sjá frávísun 78.

*Kjarasamningar*.

Í kjarasamningi var ákvæði þess efnis, að fullgildir félagsmenn skyldu hafa forgangsrétt til vinnu, sem samningurinn tók til. Erlendur verktaki neitaði að ráða yngri verkamenn en 18 ára. Var það talið brot á kjarasamningum, en ekki voru efni til að dæma verktakann í refsingu samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938 ........................................ 1

Skýrð ákvæði kjarasamnings um frídaga og yfirvinnukaup símamanna, sem unnu á reglubundnum vinnuvökum .............................. 11

Ágreiningur var um gildistíma kjarasamnings skipstjórnarmanna. Dæmt var, að milli aðila málsins hefði enginn kjarasamningur verið formlega í gildi frá og með tilteknum degi ........................................ 21

Vélstjórar gerðu kröfu um að tiltekið ákvæði í kjarasamningi væri skýrt á þann veg, að greiðsla fyrir vinnu skipverja ,,við löndun afla, taki einnig til skipa á spærlingsveiðum og skipverjar á þeim fái greitt fyrir löndunarvinnu eftir þessu ákvæði.'' Krafan var ekki tekin til greina .................. 40

Krafist var dóms um, ,,að dagar skuli ekki teljast merktir vinnudagar á varðskrá'' samkvæmt kjarasamningi aðila ,,ef vakt á viðkomandi degi er skemmri en 7 klst.'' Krafan var ekki tekin til greina ............................ 45

Krafist var dóms um, ,,að þeim ríkisstarfsmönnum, sem ekki ná tilskilinni lágmarkshvíld samkv. 3. mgr. 11. gr.'' í kjarasamningi aðila ,,skuli greitt yfirvinnuálag þar til vinnu lýkur og hvíld hefst ásamt vaktaálagi, ef starfsmenn vinna á reglubundnum vinnuvökum eða hluta af vikulegri vinnuskyldu utan dagvinnutímabils eins og það er ákveðið í 9. gr. kjarasamnings.'' Þá var þess krafist, ,,að þeim ríkisstarfsmönnum, sem ekki ná tilskilinni lágmarkshvíld samkv. 3. mgr. 11. gr. kjarasamnings ... skuli greitt yfirvinnuálag þar

til vinnu lýkur og hvíld hefst ásamt yfirvinnukaupi, ef starfsmenn vinna yfirvinnu samkv. 10. gr. kjarasamnings." Dæmt var, að ekki væri í ljós leitt, að það hefði verið tilætlan aðila við gerð kjarasamningsins ... að yfirvinnuálag skyldi greitt auk vaktaálags né yfirvinnuálag auk yfirvinnkaups samkvæmt 3. mgr. 11. gr. samningsins. Með því að orðalag ákvæðisins varð heldur ekki skýrt í samræmi við túlkun stefnanda var sýknukrafa stefnda tekin til greina .......... 51

Deilt var um þóknun stýrimanna á m/s Herjólfi fyrir sölu farmiða og innheimtu farmgjalda fyrir bifreiðar. Talið var, að innheimta stýrimanna á far- og farmgjöldum væri all umfangsmikil og henni fylgdi nokkur hætta á, að stýrimenn kynnu að tapa fé við mistalningu, en til móts við það kæmi greiðsla mistalningarfjár frá útgerðarmanni sem nam kr. 400 fyrir hvern dag samkvæmt kjarasamningi. Stefnandi sannaði ekki, að samið hafi verið sérstaklega um þóknun handa stýrimönnum fyrir innheimtu far- og farmgjalda í vinnutíma þeirra. Var útgerðin því sýknuð .......... 59

Símamenn gerðu kröfu til þess, ,,að starfsmönnum Pósts og síma, sem starfa sinna vegna þurfa að gista íbúðarskúra Pósts og síma, skuli lagður til þeim að kostnaðarlausu sams konar viðlegubúnaður og tíðkast í gistihúsum hér á landi." Í 10. gr. aðalkjarasamnings BSRB og ríkissjóðs var fyrirvari um viðlegubúnað. Vegna þess fyrirvara og með hliðsjón af gögnum málsins að öðru leyti þóttu símamenn ekki hafa leitt í ljós, að þeir ættu samningsbundinn rétt til hins krafða viðlegubúnaðar .......... 71

Dæmt var, að ákvæði laga nr. 3/1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum þar sem launahækkanir af völdum vísitöluhækkana voru takmarkaðar tækju einnig til kjarasamnings Félags Loftleiðaflugmanna .......... 86

Sérkjarasamningur Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fyrir A- og B-leikara frá árinu 1976 var skýrður svo, að leikarar, sem ráðnir voru samkvæmt samningi fyrir A-leikara og unnu umfram 138 klst. mánaðarlega vinnuskyldu samkvæmt 3. gr. samningsins, skyldu fá þá vinnu, sem var umfram hina mánaðarlegu vinnuskyldu, greidda sem yfirvinnu, án skerðingar á þegar áunnum álagsgreiðslum samkvæmt 9. gr. samningsins .......... 98

Dæmt var, að yfirvinnubann yfirmanna á flutningaskipum væri ólögmæt vinnustöðvun, bryti í bága við bráðabirgðalög nr. 70/1979 og væri brot á kjarasamningum og í andstöðu við lög nr. 80/1938 .......... 152

Yfirvinnubann, sem yfirmenn á flutningaskipum boðuðu, var ólögmæt vinnustöðvun, braut í bága við bráðabirgðalög nr. 70/1979 og var brot á kjarasamningi og í andstöðu við lög nr. 80/1938 .......... 164

VSÍ gerði þær kröfur, ,,að viðurkennt verði með dómi, að samningur starfsfólks í söluturnum ... gildi um starfsmenn Höldar s.f." Í upphafsákvæðum samnings um störf í söluturnum frá 22. júní 1977 kom fram, að honum var ætlað að taka til starfsfólks í söluturnum þar sem vöruframboð var takmarkað við vörulista svo sem var í Reykjavík. Á þeim tíma, sem hér skipti máli, var ekki fyrir hendi vörulisti sem takmarkaði vöruúrval er heimilt væri að selja í söluturnum á Akureyri. Þótt fram væri komið, að starfsfólki Höldar s.f., sem starfaði í söluturnum, hafi verið greidd laun eftir greindum

samningi, var ósannað að hann hafi átt að gilda um það starfsfólk. Var krafan því ekki tekin til greina .................................... 182

Í kjarasamningi Félags framreiðslumanna var svofellt ákvæði: ,,Í veislum, lokuðum samkvæmum, þegar dúkað er sameiginlegt borð (veisluborð), skal þjónustugjald framreiðslumanna af mat vera 20% ef fjöldi gesta fer yfir 30.'' Hótel Saga hélt því fram, að í tiltekinni veislu í Hliðarsal hótelsins hafi framreiðslumenn aðeins átt rétt á venjulegu þjónustugjaldi 15% en ekki 20%, sem framreiðslumenn töldu sig eiga rétt á samkvæmt ofangreindu ákvæði kjarasamningsins. Meirihluti Félagsdóms leit svo á, að aðrir gestir hótelsins hefðu ekki átt aðgang að Hliðarsal á meðan á borðhaldi stóð. Var kröfu hótelsins því hafnað. Tveir dómenda skiluðu sératkvæði. Féllust þeir á sjónarmið hótelsins ......................... 189

Hásetar, starfsmenn í vélarrúmi og vikafólk gerðu þær kröfur, ,,að matar- og kaffitími við upphaf yfirvinnu, í lok yfirvinnu eða á yfirvinnutímabili verði talinn til yfirvinnutímabils í skilningi greinar 5.5 í tilvitnuðum kjarasamningi og skipverji hafi því unnið sér rétt til yfirvinnukaups áfram þegar hann hefur unnið í 6 klst. að meðtöldum matar- og/eða kaffitíma, teljist skipverji eiga rétt til yfirvinnukaups, þar til hann fái minnst 6 klst. samfellda hvíld og að til yfirvinnutímabils teljist öll vinna utan dagvaktar eða sjóvaktar, einnig sú, sem unnin er á daginn um helgar eða á helgum dögum.'' Aðilar voru sammála um, að hvíldarákvæði kjarasamnings þess, er tók gildi 1. ágúst 1965 og tilsvarandi ákvæði í síðari kjarasamningum hafi verið framkvæmd samkvæmt skilningi stefndu. Ekki varð séð, að hvíldarákvæðin í gr. 5.5 breytti þessu. Sýkna ............................................. 204

VSÍ gerði þær kröfur f.h. Flugleiða h/f, ,,að viðurkennt verði með dómi, að Flugleiðum h/f sé ekki skylt að greiða 1% af launum félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna í þjónustu Flugleiða h/f í sérstakan sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna.'' Dæmt var, að greindir flugmenn yrðu ekki taldir verkafólk í skilningi laga nr. 19/1979. Bar því að fallast á, að Flugleiðum h/f væri óskylt að greiða 1% af launum í sérstakan sjúkrasjóð samkvæmt 7. gr. nefndra laga ........................................ 213

Vélstjórar gerðu kröfu til þess, að útvegsmönnum ,,verði dæmt skylt að halda eftir félagsgjaldi, 1% af heildarlaunum vélstjóra, frá 6. janúar 1980, og standa skil á því til Vélstjórafélags Íslands eftir kröfu félagins.'' Framkvæmd málsaðila varðandi félagsgjöld var sú um langt árabil, að útvegsmenn gerðu árleg skil til Vélstjórafélags Íslands samkvæmt reikningi félagsins. Ákvæði kjarasamninga um félagsgjöld höfðu ekki sætt breytingum undanfarandi ár. Að svo vöxnu máli og þar sem sú breyting, sem krafa var gerð um, myndi verða talsvert íþyngjandi fyrir útvegsmenn, var krafan ekki tekin til greina ............................................ 219

Verkstjórar gerðu kröfu um kaup samkvæmt launataxta yfirverkstjóra. Verkstjórarnir voru ekki ráðnir sem yfirverkstjórar og höfðu ekki þau mannaforráð, sem þeirri starfsstöðu fylgja. Úrslit málsins þóttu velta á því, hvernig túlka bæri grein 1.5.3. í kjarasamningi aðilanna. Dómurinn hafnaði þeim skilningi vekstjóranna, að orðið ,,kaup'' í grein þessari bæri að túlka sem kauptaxta, en taldi að það bæri að skilja sem útborgað kaup. Þessi skiln-

ingur þótti fá stuðning í ákveðinni grein í kjarasamningi Málm- og skipasmiðasambands Íslands þar sem sagt var, að hækkanir á kauptöxtum gefi ekki tilefni til hækkunar á greiddu kaupi til þeirra, sem fyrir samningsgerðina fengu greitt jafnhátt kaup eða hærra, en hinn nýi launataxti tilgreindi fyrir viðkomandi störf. Var stefndi því sýknaður af kröfum verkstjóranna 224

A hafði starfað u.þ.b. 10 ár í frystihúsi H samkvæmt skriflegum ráðningarsamningi. Hinn 4. júlí 1980 fékk A bréf H, þar sem tekið var fram: ,,Vegna fyrirsjáanlegs fiskiskorts, sem stafar af árlegu eftirliti og viðgerðum á togurum fyrirtækjanna, sjáum við okkur tilneydda að segja upp kauptryggingarákvæði samninganna frá og með 11. júlí n.k...“ A taldi uppsögnina vera brot á lögum nr. 19/1979 og krafðist, að dæmt yrði, að hún hafi átt lögvarinn rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Dómurinn leit svo á, að 1. gr. laga nr. 19/1979 segði fyrir um uppsagnarfrest ráðningarsamninga, en í 3. gr. væru sérákvæði um það, er starfsemi fellur niður t.d. vegna hráefnisskorts, og um þau tilfelli hafi kjarasamningar ákvæði um viku uppsagnarfrest. Ljóst væri, að almennt ætti uppsagnarákvæði 1. gr. við, þegar slíta skal ráðningu starfsmanns fyrir fullt og allt, en ekki þegar kauptryggingarákvæðum er sagt upp. Vinnslustöðvun í frystihúsinu var í lengsta lagi. Hvorki kjarasamningar né lög nr. 19/1979 settu þó relgur um það hve lengi vinnslustöðvun mætti standa, svo viku uppsagnarfrest mætti hafa. Skýra bar uppsögnina þannig, að H hafi ekki viljað slíta vinnuréttarsambandinu að fullu ,,og megi því telja uppsögnina, eins og hún var úr garði gerð, lögmæta.“ ,,Þá þykir ekki fært að vísa á bug þeirri skýringu stefnda, að vinnsla þess hráefnis, sem fram er komið að völ var á, hefði orðið óhagkvæm um skör fram, rekstrarlega séð.“ Var krafa stefnda um sýknu því tekin til greina ........................................ 230

S bóknámskennari og B verknámskennari, báðir búsettir á Akranesi, voru félagar í Hinu íslenska kennarafélagi, sem var aðili að BHM. Báðir sóttu þeir námskeið í uppeldis- og kennslufræðum, S við Háskólann en B við Kennaraháskólann. Þeir töldu sig eiga rétt á greiðslu fargjalda og dagpeninga skv. gr. 2.4. í sérkjarasamningi. Meirihluti Félagsdóms leit svo á, að ekki væri séð, að ofangreint ákvæði ,,né önnur ákvæði samningsins undanskilji í þessu sambandi námskeið, sem þannig er efnt til í uppeldis- og kennslufræðum. Ákvæði gr. 2.4. fjallar að vísu einnig um, hvernig meta skuli námskeið til stiga og tekur það ákvæði ekki til uppeldis- og kennslufræða, þar sem gr. 2.3. ákveður stig fyrir próf í þeim fræðum. Af því þykir þó ekki verða leidd sú ályktun, að eigi skuli greiða þátttakendum í slíkum námskeiðum ferða- og uppihaldskostnað.“ Ákvæði sérkjarasamningsins þóttu þannig ekki renna stoðum undir þær kröfur stefnda, að námskeið í umræddum fræðum væru undanskilin að því er varðar greiðslu ferða- og uppihaldkostnaðar í þeim. Var krafa kennaranna því tekin til greina. Tveir dómarar skiluðu sératkvæði og vildu sýkna stefnda af kröfum kennaranna 237

Í kjarasamningi LÍÚ og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 1. mars 1976, sbr. viðauka 9. júlí og 10. ágúst 1977 var í 5. mgr. 19. gr. svofellt ákvæði: ,,Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar

brottvikningar skipverjans úr skiprúmi." Í 5. mgr. 12. gr. var eftirfarandi ákvæði: ,,Skipstjórum og stýrimönnum skal þó skylt að annast gæslu skipsins í fríum þessum, útgerðinni að kostnaðarlausu." Farmanna- og fiskimannasambandið hélt því fram, að ofangreind ákvæði kjarasamningsins hefðu fallið niður við gerð nýs kjarasamnings 25. febrúar 1981. LÍÚ var á annari skoðun og krafðist þess, að dæmt yrði, að ofangreind samningsákvæði væru enn í gildi milli aðilja. Eftir undirritun kjarasamningsins í febrúar 1981 reis ágreiningur milli aðilanna um uppsetningu samningsins. Hvor aðilja lét prenta samninginn með þeirri uppsetningu, sem honum þótti henta. Meiri hluti dómenda komst að þeirri niðurstöðu, að samningsákvæðin væru enn í gildi. Tveir dómarar skiluðu sératkvæði. Töldu þeir að hafna bæri kröfum LÍÚ .......................................... 276

Í kjarasamningi Félags bókagerðarmanna og Félags íslenska prentiðnaðarins frá 16. júlí 1982 var svofellt ákvæði: ,,Kaupgjaldsákvæðum þessa samnings er heimilt að segja upp á samningstímabilinu með eins mánaðar fyrirvara ef: a) Sett verða lög, sem breyta ákvæðum um greiðslu verðbóta á laun. b) Launahækkanir í aðal- og sérkjarasamningum opinberra starfsamanna verði meiri en í samningi þessum felast." Bókagerðarmenn sögðu upp kaupgjaldsliðum kjarasamningsins 16. júlí og uppsögnin skyldi miðast við 1. september þannig að samningar yrðu lausir frá og með 1. október. FÍP krafðist þess, ,,að dæmt verði að uppsögn FBM á kaupliðum kjarasamningsins sé andstæð samningum aðila og því ólögmæt og marklaus." Umrætt samningsákvæði var túlkað á þá leið, að hvor samningsaðila um sig hafi mátt segja upp kaupliðum kjarasamningsins hvenær sem var frá setningu bráðabirgðalaga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir með minnst mánaðar fyrirvara þannig, að samningar yrðu lausir að þessu leyti í fyrsta lagi frá og með 1. desember 1982. Uppsögnin var því dæmd ógild. Einn dómari skilaði sératkvæði. Hann var sammála niðurstöðu meirihluta dómenda en á öðrum forsendum .......................................... 290

Í sérkjarasamningi Félags menntaskólakennara og ríkissjóðs frá 15. maí 1974 var mælt fyrir um lækkun vikulegrar kennsluskyldu kennara eftir kennslualdri. Með kjarasamningi frá 1. júní 1976 átti að afnema þessa tilhögun, sem hafði gilt í tilteknum framhaldsskólum. Þó var afnám reglunnar með þeirri undantekningu er fram kom í Bókun X, er fylgdi samningnum. A gerði þá kröfu, ,,að viðurkennt verði með dómi að vikuleg kennsluskylda hennar við framhaldsdeild grunnskóla Garðabæjar, skólaárið 1981-1982, miðist við 26 einingar fram til 1. janúar 1982, en frá þeim tíma við 25 einingar." Ekki varð séð að ákvæði sérkjarasamnings 1974 um lækkun kennsluskyldu eftir 5, 10 og 15 ára starf hafi nokkru sinni gilt í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla og raunar ekki heldur í fjölbrautarskólum. Undantekningin í Bókun X var annars vegar bundin við kennara, sem voru að starfi skólaárið 1975-1976 og hins vegar við skóla ,,þar sem lækka átti kennsluskyldu skv. 5. gr. 10. mgr. sérkjarasamningsins frá 1974. Þá benti ekkert til þess, að Bókun X hafi verið ætlað að taka breytingum með breyttum kennsluháttum þannig að ákvæði hennar skyldi ná til annarra framhaldsskóla en það náði til árið 1976. Var krafa ríkissjóðs um sýknu því tekin til greina .......................................... 296

Dæmt var um orlof rennismiðs I hjá Íslenska álfélaginu h/f á orlofsárinu 1. maí 1982 til 30. apríl 1983. Réttur hans til orlofs fór eftir kjarasamningi frá 30. nóvember 1982 og lögum nr. 87/1971, sem voru í gildi, þegar kjarasamningurinn var gerður. Samkvæmt kjarasamningnum átti I rétt á 4 vikna sumarorlofi og einnar viku vetrarorlofi. Orlof talið í vikum bar að túlka svo við gerð kjarasamningsins samkvæmt þágildandi orlofslögum og venju, að laugardagar voru taldir til orlofsdaga, enda ekki sérstaklega um annað samið. Eftir setningu laga nr. 90/1982 um breytingu á lögum nr. 87/1971, þar sem kveðið var á um að laugardagar skuli ekki teljast orlofsdagar, varð orlof talið í vikum í kjarasamningnum túlkað svo, að hann ætti rétt á sumar- og vetrarorlofi eins og hann gerði kröfur til þ.e. sumarorlofi í 24 daga og vetrarorlofi í 6 daga .......... 300

*Kærumál.* Sjá frávísun.

*,,Launatillegg"*

Matreiðslunemi höfðaði mál til viðurkenningar á því, að hann ætti rétt á ,,launatilleggi" samkvæmt kjarsamningi Félags matreiðslumanna. Talið var, að umrædd launaviðbót félli undir undanþáguákvæði í samkomulagi um kjör iðnnema. Launaviðbót þessi var ekki greidd öllum sveinum og matreiðslunemar höfðu ekki gert kröfu um slíka launaviðbót á meðan eldri samningur var í gildi. Þá gerðu þeir ekki kröfu til að fá launaviðbót greidda við samningsgerð. Var krafan því ekki tekin til greina .......... 35

*Leikarar.* Sjá kjarasamningar 98.

*Löndunarvinna.*

Ágreiningur var um skilning á ákvæði í vertíðarsamningi. Gerðu vélstjórar kröfu til, að greiðsla fyrir ,,vinnu skipverja við löndun afla, taki einnig til skipa á spærlingsveiðum og skipverjar á þeim fái greitt fyrir löndunarvinnu eftir þessu ákvæði." Krafan var ekki tekin til greina .......... 40

*Orlof.*

Dæmt var um orlof rennismiðs I hjá Íslenska álfélaginu h/f á orlofsárinu 1. maí 1982 til 30. apríl 1983. Réttur hans til orlofs fór eftir kjarasamningi frá 30. nóvember 1982 og lögum nr. 87/1971, sem voru í gildi, þegar kjarasamningurinn var gerður. Samkvæmt kjarasamningnum átti I rétt á 4 vikna sumarorlofi og einnar viku vetrarorlofi. Orlof talið í vikum bar að túlka svo við gerð kjarasamningsins samkvæmt þágildandi orlofslögum og venju, að laugardagar voru taldir til orlofsdaga, enda ekki sérstaklega um annað samið. Eftir setningu laga nr. 90/1982 um breytingu á lögum nr. 87/1971, þar sem kveðið var á um að laugardagar skuli ekki teljast orlofsdagar, varð orlof talið í vikum í kjarasamningnum túlkað svo, að hann ætti rétt á sumar- og vetrarorlofi eins og hann gerði kröfur til þ.e. sumarorlofi í 24 daga og vetrarorlofi í 6 daga .......... 300

*Refsingar.*

Erlendur verktaki, sem braut forgangsréttarákvæði kjarasamnings, sýknaður af refsikröfu skv. 65. gr. laga nr. 80/1938 .......................... 1

*Sératkvæði.*

Einn dómari greiðir sératkvæði .............................. 121, 271, 290
Tveir dómarar greiða sératkvæði ......... 45, 111, 132, 142, 189, 237, 276, 283
Þrír dómarar greiða sératkvæði .......................................... 51

*Símamenn.* Sjá kjarasamningar 71 og vaktavinna 11.

*Sjúkrasjóðir.*

VSÍ gerði þær kröfur f.h. Flugleiða h/f, „að viðurkennt verði með dómi, að Flugleiðum h/f sé ekki skylt að greiða 1% af launum félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna í þjónustu Flugleiða h/f í sérstakan sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna.“ Dæmt var, að greindir flugmenn yrðu ekki taldir verkafólk í skilningi laga nr. 19/1979. Bar því að fallast á, að Flugleiðum h/f væri óskylt að greiða 1% af launum í sérstakan sjúkrasjóð samkvæmt 7. gr. nefndra laga ................................ 213

*Starfsaldur.*

BSRB höfðaðu mál f.h. Starfsmannafélags ríkisstofnana vegna GJ, sem hafði ráðið sig til starfa sem skrifstofumaður hjá Tilraunastöð háskólans. Var þess krafist, að starfstími GJ hjá öðrum en hinu opinbera skyldi jafngilda 6 ára starfsaldri. Í aðalkjarasamningi sagði: „Við ákvörðun starfsaldurs er heimilt að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en því opinbera á þann hátt að við starfsaldur sé bætt helmingi starfstíma við algerlega hliðstæð störf.“ Fjármálaráðuneytið hafnaði að beita þessu heimildarákvæði. Var fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sýknaður ....... 127

*Sýkna að svo stöddu.*

Sjá félagsréttindi ........................................ 243, 250 257

*Uppsögn á kaupliðum.*

A hafði starfað u.þ.b. 10 ár í frystihúsi H samkvæmt skriflegum ráðningarsamningi. Hinn 4. júlí 1980 fékk A bréf H, þar sem tekið var fram: „Vegna fyrirsjáanlegs fiskiskorts, sem stafar af árlegu eftirliti og viðgerðum á togurum fyrirtækjanna, sjáum við okkur tilneydda að segja upp kauptryggingarákvæði samninganna frá og með 11. júlí n.k...“ A taldi uppsögnina vera brot á lögum nr. 19/1979 og krafðist, að dæmt yrði, að hún hafi átt lögvarinn rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Dómurinn leit svo á, að 1. gr. laga nr. 19/1979 segði fyrir um uppsagnarfrest ráðningarsamninga, en í 3. gr. væru sérákvæði um það, er starfsemi fellur niður t.d. vegna hráefnisskorts, og um þau tilfelli hafi kjarasamningar ákvæði um viku uppsagnarfrest. Ljóst væri, að almennt ætti uppsagnarákvæði 1. gr. við, þegar slíta skal ráðningu starfsmanns fyrir fullt og allt, en ekki þegar kauptryggingar-

ákvæðum er sagt upp. Vinnslustöðvun í frystihúsinu var í lengsta lagi. Hvorki kjarasamningar né lög nr. 19/1979 settu þó relgur um það hve lengi vinnslustöðvun mætti standa, svo viku uppsagnarfrest mætti hafa. Skýra bar uppsögnina þannig, að H hafi ekki viljað slíta vinnuréttarsambandinu að fullu „og megi því telja uppsögnina, eins og hún var úr garði gerð, lögmæta.“ „Þá þykir ekki fært að vísa á bug þeirri skýringu stefnda, að vinnsla þess hráefnis, sem fram er komið að völ var á, hefði orðið óhagkvæm um skör fram, rekstrarlega séð.“ Var krafa stefnda um sýknu því tekin til greina .......... 230

*Vaktavinna.*

Dæmt var, að símamönnum, sem unnu á reglubundnum vinnuvökum, skyldi bættur hver dagur, sem ekki var merktur vinnudagur á varðskrá og félli á almennan frídag eða stórhátíðardag, annan en sunnudag, með öðrum frídegi eða greiðslu yfirvinnukaups í 7 klukkustundir .......... 11

Járniðnaðarmenn gerðu kröfu til þess, að bónusgreiðslur til þeirra „skuli gerðar upp með dagvinnukaupi hvers og eins starfsmanns að viðbættu 33% álagi.“ Ágreiningslaust var, að járniðnaðarmenn höfðu ekki áður innt af hendi slíka ákvæðisvinnu í vaktavinnu en jafnan áður unnið verk í ákvæðisvinnu með þeim hætti að lagt var til grundvallar að verk tæki ákveðinn fjölda klukkustunda, en lyki því á skemmri tíma, hafi þeim tíma sem af gekk verið skipt milli þeirra starfsmanna, sem við verkið unnu, í hlutfalli við vinnustundir hvers þeirra og hafi þær stundir verið greiddar með dagvinnukaupi hvers og eins. Þegar litið var til þessa og þeirrar framkvæmdar á greiðslum við ákvæðisvinnu, sem beitt hafði verið „hefur stefnandi ekki sýnt fram á að greiða eigi bónusgreiðslur með vaktaálagi fyrir umrædda vinnu við b/v Rauðanúp.“ .......... 178

*Vélstjórar.* Sjá kjarasamningar 219 og löndunarvinna 40.

*Verkföll.* Sjá einnig: Vinnustöðvun.

Á fundi yfirmanna á kaupskipum, sem haldinn var 19. júní 1979, var samþykkt að lýsa yfir yfirvinnubanni við lestun, losun og færslu skipa á heimahafnarsvæði til ársloka. Vinnuveitendasamband Íslands vildi ekki una þessu og höfðaði mál f.h. fjögurra útgerðarfélaga. Dæmt var, að yfirvinnubannið væri ólögmæt vinnustöðvun, bryti í bága við bráðabirgðalög nr. 70/1979 og væri brot á kjarasamningum og í andstöðu við lög nr. 80/1938 ..... 156

Yfirmenn á kaupskipum samþykktu á fundi sínum 19. júní 1979 að lýsa yfir yfirvinnubanni við lestun, losun og færslu skipa á heimahafnarsvæði til ársloka að telja. Vinnumálasamband samvinnufélaganna vildi ekki una þessu og höfðaði mál f.h. skipadeildar SÍS. Dæmt var, að yfirvinnubannið væri ólögmæt vinnustöðvun, bryti í bága við bráðabirgðalög nr. 70/1979 og væri brot á kjarasamningum og í andstöðu við lög nr. 80/1938 .......... 164

*Verkstjórar.*

Verkstjórar gerðu kröfu um kaup samkvæmt launataxta yfirverkstjóra. Verk-

stjórarnir voru ekki ráðnir sem yfirverkstjórar og höfðu ekki þau mannaforráð, sem þeirri starfsstöðu fylgja. Úrslit málsins þóttu velta á því, hvernig túlka bæri grein 1.5.3. í kjarasamningi aðilanna. Dómurinn hafnaði þeim skilningi verkstjóranna, að orðið „kaup" í grein þessari bæri að túlka sem kauptaxta, en taldi að það bæri að skilja sem útborgað kaup. Þessi skilningur þótti fá stuðning í ákveðinni grein í kjarasamningi Málm- og skipasmiðasambands Íslands þar sem sagt var, að hækkanir á kauptöxtum gæfi ekki tilefni til hækkunar á greiddu kaupi til þeirra, sem fyrir samningsgerðina fengu greitt jafnhátt kaup eða hærra en hinn nýi launataxti tilgreindi fyrir viðkomandi störf. Var stefndi því sýknaður af kröfum verkstjóranna .......................................... 224

*Verktakar*. Sjá kjarasamningar 1.

*Viðleguútbúnaður*. Sjá kjarasamningar 71.

*Vinnustöðvun*.

Þann 30. júní 1981 tilkynnti Verkalýðsfélagið Baldur á Ísafirði, að almennur félagsfundur hefði samþykkt að heimila ekki vinnu á laugardögum og sunnudögum í júlí og ágúst. Skyldi því öll vinna verkafólks á yfirvinnu- og helgarvinnutímabilinu frá kl. 24:00 á föstudögum til hefðbundins vinnutíma á mánudagsmorgnum því óheimil ofangreinda daga. Þó skyldi heimilt að ljúka við löndun úr fiskiskipum á umræddu yfirvinnu- og helgarvinnutímabili, enda hafi þá vinna hafist við hana fyrir hádegi á föstudegi. Vinnuveitendasamband Íslands krafðist þess, „að viðurkennt verði með dómi að helgarvinnubannið ... sé ólögmæt vinnustöðvun í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938." Meirihluti dómenda leit svo á, að takmörkun sú á yfirvinnu og helgarvinnu, sem verkalýðsfélagið hafði samþykkt, „verði ekki talin jafngilda vinnustöðvun í merkingu II. kafla laga nr. 80/1938 og er ekki brot á þar greindum lagareglum. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda." Einn dómari leit hins vegar svo á, að vinnustöðvunin væri ólögmæt og brot á II. kafla laga nr. 80/1938 .......................................... 271

*Yfirvinnubann*. Sjá einnig helgarvinnubann.

Á fundi yfirmanna á kaupskipum, sem haldinn var 19. júní 1979, var samþykkt að lýsa yfir yfirvinnubanni við lestun, losun og færslu skipa á heimahafnarsvæði til ársloka. Vinnuveitendasamband Íslands vildi ekki una þesu og höfðaði mál f.h. fjögurra útgerðarfélaga. Dæmt var, að yfirvinnubannið væri ólögmæt vinnustöðvun, bryti í bága við bráðabirgðalög nr. 70/1979 og væri brot á kjarasamningum og í andstöðu við lög nr. 80/1938 ..... 156

Yfirmenn á kaupskipum samþykktu á fundi sínum 19. júní 1979 að lýsa yfir yfirvinnubanni við lestun, losun og færslu skipa á heimahafnarsvæði til ársloka að telja. Vinnumálasamband samvinnufélaganna vildi ekki una þessu og höfðaði mál f.h. skipadeildar SÍS. Dæmt var, að yfirvinnubannið væri ólögmæt vinnustöðvun, bryti í bága við bráðabirgðalög nr. 70/1979 og væri brot á kjarasamningum og í andstöðu við lög nr. 80/1938 ............ 164

*Yfirvinnukaup.*

Dæmt var, að símamönnum, sem unnu á reglubundnum vinnuvökum, skyldi bættur hver dagur, sem ekki var merktur vinnudagur á varðskrá og félli á almennan frídag eða stórhátíðardag, annan en sunnudag, með öðrum frídegi eða greiðslu yfirvinnukaups í 7 klukkustundir ................ 11

Hásetar, starfsmenn í vélarrúmi og vikafólk gerðu þær kröfur, „að matar- og kaffitími við upphaf yfirvinnu, í lok yfirvinnu eða á yfirvinnutímabili verði talinn til yfirvinnutímabils í skilningi greinar 5.5 í tilvitnuðum kjarasamningi og skipverji hafi því unnið sér rétt til yfirvinnukaups áfram þegar hann hefur unnið í 6 klst. að meðtöldum matar- og/eða kaffitíma, teljist skipverji eiga rétt til yfirvinnukaups, þar til hann fái minnst 6 klst. samfellda hvíld og að til yfirvinnutímabils teljist öll vinna utan dagvaktar eða sjóvaktar, einnig sú, sem unnin er á daginn um helgar eða á helgum dögum." Aðilar voru sammála um, að hvíldarákvæði kjarasamnings þess, er tók gildi 1. ágúst 1965 og tilsvarandi ákvæði í síðari kjarasamningum hafi verið framkvæmd samkvæmt skilningi stefndu. Ekki varð séð, að hvíldarákvæðin í gr. 5.5 breyttu þessu. Sýkna ............................ 204

*Þjónustugjald.* Sjá framreiðslumenn.